

89.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 10.apríl 2018 kl. 17.00.

Mættir: Hulda Elsa, Erla Kristín, Aron, Guðbrandur og Gry. Alex fundaði gegnum tölvu. Þórunn boðaði forföll. Viðar Bjarnason sat fundinn.

Hulda Elsa setti fundinn og bauð nýjum íþróttastjóra velkominn til starfa og á fundinn.

Þetta gerðist.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með orðalagsbreytingu.
2. Íþróttastjóri kynnti sig og voru rædd ýmis mál sem verða í hans verkahring. Hann hefur umboð stjórnar til að leita að styrktaraðilum og var falið að leggja fram hugmyndir um hvernig aðkoma styrktaraðila gæti verið við mótahald. Stjórnin fól honum að koma á framfæri við Lyfjaeftirlitið ósk um að aftur yrði farið að birta yfirlit yfir fjölda tekinnar lyfjaprófa. Hann fékk umboð til að hitta Arnar Hafsteinsson og skoða möguleika á samstarf við Keili um menntun kraftlyftingabjálfa.
3. Mótahald. Stjórnin ákvað að sækja um Vestur-Evrópukeppnina 2020. **Íþróttastjóra** falið að útbúa umsókn sem verður send EPF tímanlega fyrir þingið í maí. **Gry** falið að kanna verð á mótaskráningarkerfinu sem er í notkun í Noregi. Ákveðið að RIG 2019 verði haldið í sama formi og 2018. Því verður beint til mótanefndar að hafa það í huga við uppsetningu mótaskrár 2019.
4. Breytingar á reglugerðum. Reglugerð um val á íþróttamann ársins rædd. **Erlu** falið að gera orðalagsbreytingu og senda á stjórnarmenn. Reglugerð um kraftlyftingakeppni verður afgreidd í tölvupósti.
5. Afreksmál. **Alex** og **Viðar** funda með fulltrúa afrekssjóðs á morgun þar sem rædd verða styrki til einstaklinga sérstaklega.
6. Gengið hefur verið frá skipun í aganefnd: Guðrún Inga Guðmundsdóttir formaður, Grétar Dór Sigurðsson og Rúnar Friðriksson. Erindi frá Þorbergi Guðmundssyni verða send nefndinni.
7. Landsliðsmál. **Viðar** sendir landsliðsnefnd yfirlit yfir keppnisdögum manna á HM í Kanada. **Viðar** sendir landsliðsnefnd tillögu að landsliðsvali fyrir NM unglunga í september. Stjórnin gaf landsliðsnefnd heimild til að víkja frá ströngustu lágmarkskröfum við valið til að leyfa sem flestum efnilegum keppendum að taka þátt.

8. Þing EPF í maí.

**Aron Friðrik** verður fulltrúi KRA á þingi EPF í maí. Hann gengur frá miðapöntun og hótelpöntun í samráði við Alex og Viðar. Hann kynnir sér þinggögn og upplýsir stjórn um mál sem þarf að taka afstöðu til.

9. Önnur mál

Ákveðið var að boða til formannafundar að vori 26.maí nk kl 11.00. **Gry** boðar fundinn.

Samþykkt að félagar megi aðstoða við mótaöld á ÍM fatlaðra í kraftlyftingum nk laugardag.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið 18.50

Fundarritari: Gry Ek